



Viðtakandi: Menningar- og íþróttaráð
Sendandi: Sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs

Reykjavík, 5. mars 2026
MIR26020009

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um Grímsstaðavör.

Á fundi menningar- og íþróttaráðs dags. 13. febrúar 2026 lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram neðangreinda fyrirspurn:

Óskað er eftir því að fjallað verði um málefni menningarminja við Grímsstaðavör á næsta fundi menningar- og íþróttaráðs Reykjavíkur.

1. Hvert er ástand mannvirkjanna og hvernig hefur verið unnið að viðhaldi þeirra undanfarin ár?
2. Hvaða fjárveitingar hafa runnið til verkefnisins?
3. Að hve miklu leyti hafa tillögur starfshóps um menningarminjar við Grímsstaðavör náð fram að ganga?
4. Hver er skipulagsleg staða svæðisins í og við Grímsstaðavör? Hvernig gengur vinna við gerð deiliskipulags?
5. Er ekki skýrt að grásleppuskúrarnir við Grímsstaðavör eru í eigu Reykjavíkurborgar og að umsjón þeirra er á ábyrgð hennar?
6. Hefur Reykjavíkurborg gefið samþykki sitt fyrir staðsetningu hjólhýsis við grásleppuskúrana og er því ætlað að vera þar til framtíðar?

Svar

Til að svara fyrirspurninni var óskað eftir upplýsingum frá borgarlögmanni (v/ spurningar 5), borgarsögusafni (v/ spurninga 1-3) og umhverfis- og skipulagssviði (v/ spurninga 4 og 6). Hér að neðan fylgja þau svör sem bárust:

1. Hvert er ástand mannvirkjanna og hvernig hefur verið unnið að viðhaldi þeirra undanfarin ár?

Ástand mannvirkjanna er misgott, en þó talið stöðugt. Á síðustu árum hefur verið unnið að því að tryggja ástand þeirra með viðhaldi. Borgarsögusafni var falið það verkefni að sinna því viðhaldi, auk þess að halda á lofti sögu útgerðar frá Grímsstaðavör. Hafa ber í huga að um er að ræða mjög einfalda skúra sem ekki voru endilega byggðir úr vönduðum við og lykilþáttur í viðhaldi þeirra og endurgerð var að halda í karakter skúranna. Það var haft að leiðarljósi við gagngera og vandaða endurgerð þess skúrs sem um ræðir í þessu máli.

Framkvæmdin og niðurstaða hennar var kynnt fyrir menningar- og ferðamálaráði, sem og umhverfis- og skipulagsráði á sínum tíma (árið 2021). Í kjölfar þess að



Reykjavík



gufubaðsstarfssemi tók sér bólfestu í skúrnum var unnin greining á því hvort sú starfsemi hentaði og var það ekki talið gott fyrir varðveislu skúrsins.

2. Hvaða fjárveitingar hafa runnið til verkefnisins?

Kostnaður við umræddan skúr úr ramma Borgarsögusafns var um 4,5 m. kr. Þá er ótalinn kostnaður við ýmsar umbætur á svæðinu, s.s. bætt aðgengi með jarðvegsskiptum og fornleifarannsókn sem því fylgdi, hreinsun fjöru og nærumhverfis, gerð bekkja og skiptiklefa fyrir sjósundsfólk. Þau verkefni féllu undir kostnað í verkefninu Betra hverfi.

3. Að hve miklu leyti hafa tillögur starfshóps um menningarminjar við Grímsstaðavör náð fram að ganga?

Tillögur starfshóps hafa gengið eftir að því marki að skúrunum er haldið við, sem ákveðið kennileiti á svæðinu og sögu útgerðar þaðan er haldið á lofti með fræðsluskiltum. Aðrar tillögur, svo sem útgerð árabáts frá Grímsstaðavör voru reyndar, en gengu ekki upp.

4. Hver er skipulagsleg staða svæðisins í og við Grímsstaðavör? Hvernig gengur vinna við gerð deiliskipulags?

Svæðið í og við Grímsstaðavör hefur ekki verið deiliskipulagt. Það virðist ekki vera í gangi vinna við gerð deiliskipulags.

5. Er ekki skýrt að grásleppuskúrarnir við Grímsstaðavör eru í eigu Reykjavíkurborgar og að umsjón þeirra er á ábyrgð hennar?

Með afsali, dags. 11. apríl 2007, afsalaði Magnús Ingólfsson til Reykjavíkurborgar, án endurgjalds, þeim mannvirkjum í og við Grímsstaðavör, sem töldust eigur hans. Þar á meðal var umræddur grásleppuskúr. Skúrin er því í eigu Reykjavíkurborgar og er án allra lóðarréttinda og stendur á landi í eigu Reykjavíkurborgar. Skúrin er því í umsjón og ábyrgð Reykjavíkurborgar en á fundi menningar- og ferðamálaráðs 14. maí 2018 var samþykkt að fela Borgarsögusafni Reykjavíkur ábyrgð á manngerðum minjum svæðisins.

6. Hefur Reykjavíkurborg gefið samþykki sitt fyrir staðsetningu hjólhýsis við grásleppuskúrana og er því ætlað að vera þar til framtíðar?

Eignaskrifstofa hafði aldrei veitt leyfi fyrir því að hjólhýsi væri þarna og því væri það væntanlega í leyfisleysi þarna. En þar sem þetta er ekki fasteign á fasteignaskrá þá hefði beiðni um slíkt ekki komið til eignaskrifstofu.

Staðgufan við Grímsstaðavöru er þarna í leyfisleysi, hún er ekki með afnotaleyfi.

Í dag er þó unnið að því á umhverfis- og skipulagssviði, með afnotadeild, að finna farveg fyrir fargufur að sækja um leyfi til að vera staðsettar á Ægissíðu.

Virðingarfyllst,

Steinþór Einarsson, sviðsstjóri